



Nefndasvið Alþingis
Umhverfis- og samgöngunefnd

19. mars 2023

Efni: Þingsályktunartillaga um eflingu landvörslu, 274. mál

Landvarðafélag Íslands fagnar tillögu um eflingu landvörslu og telur hana bæði mikilvæga og tímabæra. Landverðir skapa hryggjarstykkið í náttúruvernd á friðlýstum svæðum en hlutverk þeirra er fyrst og fremst að vernda náttúruna. Við þau störf eru öflugustu verkfærin fræðsla, miðlun og leiðir sem auka upplifun og skilning gesta á náttúrunni. Jafnframt sinna landverðir ýmsum verkefnum er snúa að viðhaldi innviða, öryggi gesta og gæta þess að verndarákvæði náttúruverndarsvæða séu virt.

Þörf fyrir aukna mönnun og bætt starfsöryggi

Landvarðafélagið tekur undir umfjöllun greinargerðarinnar og þá áherslu í tillögunni að fjölga beri landvörðum á heilsársgrundvelli. Þó svo að mönnun og starfsumhverfi á friðlýstum svæðum hafi breyst til batnaðar á síðastliðnum árum þá hefur gestum og verkefnum landvarða fjölgað sömuleiðis. Því er enn nokkuð í land og heyrir undirmönnun ekki sögunni til. Birtist það meðal annars í könnunun Landvarðafélagsins á meðal félagsfólks þar sem fram hefur komið að ein af stærstu áskorunum landvarða enn þann dag í dag sé starfsöryggi og undirmönnun. Landverðir eru gjarnan ráðnir til skamms tíma í senn og oft er óvissa um framtíð starfa þeirra á hverju svæði og takmörkuð tækifæri eru til að gera starfið að framtíðarstarfi.

Þörf fyrir skýra framtíðarsýn

Á seinustu árum hefur stöðugildum landvarða verið fjölgað á friðlýstum svæðum og friðlýstum svæðum fjölgað sömuleiðis. Líklegt má telja að þessi þróun haldi áfram á næstu árum með fyrirhugaðri stækkun Vatnajökulspjóðgarðs á miðhálandinu í samræmi við stjórnarsáttmála og friðun 30% af land-, strand-, og hafsvæðum fyrir árið 2030 sem Ísland hefur skuldbundið sig til á vettvangi samnings Sameinuðu þjóðanna um líffræðilegan fjölbreytileika. Núverandi og verðandi fjölgun innan starfsstéttarinnar og stækkun friðlýstra svæða dregur fram áskoranir sem í felast tækifæri til sóknar.

Að mati Landvarðafélagsins er nú kjörinn tími til þess að ráðast í langtíma stefnumótun er varðar störf landvarða þar sem áhersla yrði lögð á:

- a) Að skilgreina betur þau fjölbreyttu hlutverk og verkefni sem landverðir sinna.
- b) Möguleika landvarða til sérhæfingar og starfsþróunar.
- c) Framtíð menntunar sem landverðir sækja.
- d) Að fræða almenning um störf landvarða og mikilvægi þeirra.
- e) Aukið starfsöryggi og möguleikar á framtíðarstörfum.

Lagt er því til að ofangreindum atriðum verði bætt í þingsályktunina til að gera hana markvissari.

Nýverið hélt Landvarðafélagið málþing um framtíðarsýn landvörslu og verður afrakstur þeirrar vinnu nýttur við gerð stefnumótunar félagsins og skýrslu um framtíð landvörslu á Íslandi. Eitt af markmiðum málþingsins var að varpa ljósi á stöðu landvörslu í síbreytilegu umhverfi. Þingsályktunin er því í takt við málþingið og þær breytingar sem orðið hafa og fyrirséð er að munu verða á komandi árum í starfsemi friðlýstra svæða.

Landvarðafélagið vonar að tillagan hljóti brautargengi og fulltrúar stjórnar eru reiðubúnir til að gera frekari grein fyrir málinu á vettvangi umhverfis- og samgöngunefndar sé þess óskað, enda fáir betur til þess fallnir en landverðir.

Fyrir hönd Landvarðafélags Íslands,
Benedíkt Traustason og Nína Aradóttir